Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið

# AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005-2017

## Breyting - skólalóð Skógahverfis, stofnanasvæði S 16




Gildandi skipulag, staðfest 26.04.2006 m.s.br.

N




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Bæjarstjórn Akraness leggur til eftirfarandi breytingu á skólalóð Skógahverfis, stofnanasvæði S 16, í Aðalskipulagi Akraness 2005- 2017. Unnið er að deiliskipulagi næstu áfanga íbúðarbyggðarinnar, sem m.a. felst í breytingu á gildandi deiliskipulagi 2. áfanga hverfisins. Með breytingu þessari verður skólalóð stækkuð til norðurs á kostnað íbúðarsvæðis.

Skólalóð er stækkuð vegna áforma um uppbyggingu leik- og grunnskóla umfram það sem miðað var við í fyrstu drögum að skipulagi Skógahverfis. Skólalóðin mun einnig nýtast sem útivistar- og leiksvæði fyrir hverfið.

### Breytingar á skipulagsuppdrætti

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Stofnanasvæði S16 er stækkað til norðurs.
- Landnotkunarreitur Íb13 er minnkaður til samræmis við stækkun S 16.

### Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Breytingar eru gerðar á sérákvæðum í köflum **3.3.2 Íbúðarbyggð** og **3.3.5 Svæði fyrir þjónustustofnanir**.

**Gildandi skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| Íb13B | (48,1) leiðr.: 46,8 | Skógahverfi. | Helsta byggingarsvæði bæjarins næstu áratugi. Óskipulagt. | Blönduð byggð. Innan svæðis fyrir íbúðarbyggð verður í deiliskipulagi gert ráð fyrir stofnunum, þjónustufyrir-tækjum og atvinnustarfsemi sem viðeigandi eru í íbúðar-hverfi. Nánar skilgreint í deiliskipulagi. N: um 20 íb/ha |
| S16 | (2,0) leiðr.: 2,5 | Stofnana-svæði í Skógahverfi | Óbyggt | Stofnanasvæði verður mótað nánar í deiliskipulagi hverfis-ins. Svæðið er fyrst og fremst ætlað grunnskóla og leikskóla hverfisins. Nýtingarhlutfall ákvarðast í deiliskipulagi. |

**Breytt skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| Íb13B | **46,1** | Skógahverfi. | **Íbúðarsvæði í byggingu. Deiliskipulagt að hluta.** | Blönduð byggð. Innan svæðis fyrir íbúðarbyggð verður í deiliskipulagi gert ráð fyrir stofnunum, þjónustufyrir-tækjum og atvinnustarfsemi sem viðeigandi eru í íbúðar-hverfi. Nánar skilgreint í deiliskipulagi. N: um 20 íb/ha |
| S16 | **3,2** | Stofnana-svæði í Skógahverfi | Óbyggt | Stofnanasvæði verður mótað nánar í deiliskipulagi hverfis-ins. Svæðið er fyrst og fremst ætlað grunnskóla og leikskóla hverfisins. Nýtingarhlutfall ákvarðast í deiliskipulagi. |

### Áhrifamat

Skipulagsbreytingin er ekki háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í henni er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000.

Svæðið er raskað og snertir breytingin hvorki sérstæðar náttúruminjar né sérstök vistkerfi sem njóta eiga sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Garðaflói var ræstur fram og ræktaður fyrir miðja 20. öld. Svæðið er ekki nýtt til landbúnaðar lengur.

Einn minjastaður, Stekkjarholt, er í grennd við skipulagssvæðið sbr. aðalskrá fornleifa, sem unnin var á árunum 1997-1999 og hefur breytingin engin áhrif á hann.

Skerðing íbúðarsvæðis verður væntanlega bætt um með endurskipulagningu aðliggjandi íbúðarsvæðis með meiri þéttleika auk hugsanlegrar stækkunar íbúðarsvæðisins til norðurs og austurs (síðari breyting).

Breytingin mun ekki hafa áhrif á aðrar áætlanir og gengur ekki gegn stefnu stjórnvalda um umhverfismál, náttúruvernd eða vernd menningarminja. Umhverfisáhrif breytingarinnar eru óveruleg.

Breytingin felst í tilfærslu marka milli landnotkunarreita og á því ekki við meginatriði aðalskipulagsins. Hún er á óbyggðum hluta Skógahverfis og hefur engin áhrif á næstu nágranna eða lóðarhafa. Breytingin telst því óveruleg sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann ________________

________________
bæjarstjórinn á Akranesi

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann

________________

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann ________________

________________ ________________

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagsbreytingar
- Íbúðarsvæði
- Íbúðarsvæði, blönduð byggð
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði, miðbær
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Hafnarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði
- Landfylling
- Fornminjar
- Merking landnotkunarreita
- Blönduð landnotkun
- Skipulagi frestað
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Stofnstígur innan byggðar
- Megin útivistarstígur
- Megin útivistarstígur og reiðleið
- Reiðleið
- Flutningslínur rafveitukerfis (Loftlínur)
- Flutningslínur rafveitukerfis (Jarðstrengir)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu

13.9.2019
Blaðstærð A3

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí